

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 512 26. maí 2005,
um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra og afurðum þeirra
í viðskiptum innan Evrópska efnahagssvæðisins.**

1. gr.

2. mgr. 8. gr. verður svohljóðandi: Sjávarútvegsráðuneytið birtir auglýsingu sem inniheldur skrá yfir þá sjúkdómsvalda og sjúkdóma sem um getur í 1. mgr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. júní 2006.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Ásta Einarsdóttir.